

STJÓRNARTÍÐINDI A 19 – 1996

17. september 1996

393

Nr. 117

FORSETABRÉF um að Alþingi skuli koma saman þriðjudaginn 1. október 1996.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman þriðjudaginn 1. október 1996.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 17. september 1996.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.